

GRÍSK HEIMSPEKI OG ÍSLENSK

I

Íslensk söguritun er skyld grískri, en þó framar. Í grískum bókmenntum verður ekki bent á neitt, sem komist til jafns við lýsingu Snorra á Ólafi helga, og ekki er þar heldur neitt, sem að sínu leyti er eins merkilegt og ættarsagan íslenska. Af þessu getum vér örugglega ráðið, að íslenskt snilldarvit, íslenskt “geni” hafi stefnt ennþá hærra en grískt, og að hér hefði orðið haldið vel áfram af hinni stórkostlegu grísku tilraun til að átta sig á heiminum, ef ekki hefði öld hins andlega höfðingsskapar Íslendinga staðið svona stutt.

Í heimspeki og vísindum vorra tíma hefir ekki verið haldið áfram af Grikkjum nema að nokkru leyti. Og það sem menn hafa látið niður falla, og ekki skilið hvert stefndi, er einmitt aðalatriði. Ég á við þá merkilegu heimskenningu, sem er eins og forboði þeirrar, sem á þýsku mætti heita die epagogische Welttheorie, magnanarkenningin. — Hin gríská speki talar um nús (vit) og hypodokhe. — Hypodokhe er nokkurskonar efni heimsins, og hefir varla annað einkenni fyrst, en það að geta tekið við áhrifum; orðið þýdir viðtaka, en dekhomene, sem líka er notað, takandi við eða þiggjandi. Um nús er talað sem utanaðkomandi kraft, er veiti hypodokhe eiginleika og skipulag. Framhald af því sem verið er að fálma eftir með slíkum kenningum, er að skilja, að saga heimsins er einmitt magnanarsaga, tilraun til að snúa til fullkomunnar því, sem andstæðast er fullkomnun. Og að vísu er um kraft að ræða sem magnar, og um eitthvað sem magn-að er, og skal nú bætt nokkru við það, sem áður hefir sagt verið um þetta efni.

II

Hinn ágæti spekingur Anaxagoras hafði rétt fyrir sér, þegar hann talaði um kraft, sem kemur til og skipar niður (diakosmei) eða samstillir. Fyrir tilkomu kraftarins verður samstillingin, og þar er þetta aðallögumál, að því fullkomnari sem samstillingin er orðin hjá því, sem tekur við, því æðri tegund orku nær að koma fram. Gætum nú að, á hversu furðulegan hátt orkutegundin hækkar, með aukinni samstillingu.

Efnið er samsett niður fyrir þau takmörk, sem menn hugðu vera. Ódeilin, sem menn nefndu svo, atomin, eru hverfi (system) af frumeindum, og eðlisfræðingarnir hafa nú fundið, með afar merkilegum rannsóknum, að eiginleikar frumefnanna koma fram við hina ýmislegu samstillingu þessara frumeinda. Atomin samstillast, sameind efnafræðinganna, molecule, verður til, og enn kemur magnanin fram á nýjan hátt, hin samsettu efni verða til. Sú sameindin, sem margfaldlegast er samstillt, verður síðan undirstaða lífsins, því að þegar samsafn er af slíkum sameindum, getur magnanin komið fram sem líf. Enn samstillast þessar lágu lifandi verur, fyrstlingarnir eða frumurnar, til ávallt margbrotnara lífs. Og hjá þessum mjög margfaldlega samsetta og samstillta niðja fyrstlingsins, eða einfrumungsins, sem kallaður er maður, getur loks magnanin farið að koma fram sem vit. Þar er þessi flutningur aflsins kominn á það stig, að hin samstilltu jarðefni, sem heita maður, geta sjálf farið að læra að athuga magnanina. En þó er ekki með þessu, náð hámarki samstillingarinnar. Eins og menn fundu, að efnið er samsett, niður fyrir þau takmörk sem menn hugðu vera, þannig er það nú farið að skiljast, að hin samsetta vera er aftur eind, sem á að stefna til enn æðri samstillingar, svo að verði það sem ég kalla hyperzón. Og enn getur magnanin komið fram á miklu merkilegri hátt en ádur, því að þá koma fram orkutegundir, sem veita full yfirráð yfir efninu. Einingi þessarar æðri lífheildar er guð, vera, sem sigrað hefir þjáning og dauða. Þar magnar hver annan og magnast af öðrum, þannig, að orkan er alltaf vaxandi. Þegar menn vita þetta,

verður skiljanlegt hvernig hefir getað komið upp trú á guði, sem séu eitt og þó margar persónur.

Í þeirri lífornisfræði, sem vísindaleg er orðin, verður það aðalþráðurinn að kenna hvernig stefnt verði til þessarar æðri samstillingar, sem veitir fullkomin yfírráð yfir hinu líflausa, fullkominn sigur á erfiðleikum fjarlægðarinnar og öllu því, sem á voru stigi er lífinu hindrun. Og það er hin mikla stefnubreyting, að komast á leiðina til þessarar samstillingar, en hugmyndin um lausn, apolytrósísi, af því sprottin, að sú stefnubreyting getur orðið.

III

Takist stefnubreytingin ekki, þá fáum vér spellverur og spilllíf, eins og áður var getið um (s. 32 og 77). Þá fáum vér þessa hörmulegu skrípamynd sem hið dysexeliktiska mannfélag er. Og því lengra sem komið er á hinni illu leið, því fremur er reynt til að magnast á því að taka afl frá öðrum, og ávallt hræðilegar og hræðilegar. Hugmyndirnar um djöfla eru ekki á engu byggðar. En þó megum vér ekki ímynda oss, að djöflarnir séu andar eða yfirnáttúrlegar verur, fremur en sýklar eða eiteturormar eru það. Framhaldið af apa er maður. Framhaldið af manni er, þegar vel stefnir, guð, en þegar illa stefnir djöfull. Hin alsigrandi ást er eiginleiki guðsins. Grimmdin er eiginleiki djöfulsins. Hann er spellveran á hæsta stigi, og sú orka sem aðrir láta með kvöllum, fer til að auka honum afl. Orðin „fyllist fjörvi feigra manna“ eiga við þesskonar magnan. Hin mesta gleði djöfulsins er að kvelja, og sú ánægja á sína líkamlegu rót í því, að þegar hann kvelur aðra, þá magnar hann sjálfan sig. Öll illgirni, og ánægja yfir annarra óförum og þjáningum, slík sem svo mikið er um í ófriði, samstillir menn þessháttar verum. En sú trú annarra, að einhver sé illgjarn, mundi líka miða að þesskonar samstillingu fyrir þann sem illgjarn er haldinn, hversu góðgjarn sem hann væri.

Hér á jörðu hefir hin ranga verðandi varla komist svo langt að djöfla megi kalla, og þó hefir margur maður verið þannig, að vér getum, með því að virða hann fyrir oss, gert

oss nokkra hugmynd um hvað djöfull muni vera. Ég vil nefna t. d. grimmd Calvins gagnvart þessum góða læknari og vísindamanni Servede.

Sennilega er framlíf hinna grimmu á illum stöðum, þar sem þeir fá sjálfir að reyna slíkt, sem þeir hafa öðrum gert. Mjög sennilegt er, að sú orka, sem fengin er með því að kvelja, verði einhverntíma með kvöllum látin. Og þó að ekki ráði hér á jörðu réttlætið ennþá — og karmakenningin er misskilningur að því, er til slíks ástands kemur, sem hér á jörðu er — þá mun stundum mega sjá vísi til þess, að sú orka, sem illa er fengin, sé aftur með kvöllum látin. Fyrir nokkru sá ég getið um morðingja, sem 40 menn hafði drepið. Hann var tekinn og hengdur, og hafði dauðastríð hans verið í hræðilegasta lagi, 12 mínútur liðið áður slitnaði úr honum lífið. Og óhugsandi virðist það ekki, að þarna kunni að vera dæmi þess, að morðingi „fyllist fjörvi“ hinna myrtu, og fái einmitt þessvegna miklu erfiðari dauða en ella mundi.